

Nd.

483. Nefndarálit

[107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið umsagnir nokkurra aðila. Þá kom á einn fund nefndarinnar Davíð Á. Gunnarsson, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna.

Auk þess hafa undirritaðir nefndarmenn rætt persónulega við nokkra aðila sem fara með stjórn heilbrigðisstofnana sem búa við svokallað daggjaldakerfi. Í þeim viðtölum og öðrum, sem birst hafa í fjölmiðlum, hefur komið fram megn ótti og vantrú við fyrirhugaða kerfisbreytingu. Óttinn beinist aðallega að því, að slík kerfisbreyting muni tefja fyrir og á engan hátt lagfæra þann bráða vanda og neyðarástand sem slíkar stofnanir búa við í dag vegna mikilla rekstrarerfiðleika.

Meginhluti þessara erfiðleika stafar af þeirri ódaverðbólgu sem ríkir í þjóðfélaginu, einnig vegna ýmissa aðgerða ríkisvaldsins sem aukið hafa rekstrarkostnað þessara stofnana án samráðs við þær, vegna vanmáttar ríkisstjórnarinnar í að standa við fjárhagslegar skuldbindingar, sem daggjaldakerfið leggur á ríkissjóð, og vanhæfni þessa kerfis að leysa þau mál sem hún á og þarf að leysa á nútímalegan hátt.

Við teljum að leggja beri niður daggjaldakerfið, eins og það er nú, en taka í þess stað upp nýtt greiðsluform til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana, sem byggist á því að greiða hverja þá þjónustu, sem þar er innt af hendi, í stað þess að miða greiðslur við nýtingu rúma. Frá því daggjaldakerfið var tekið upp hefur þjónusta heilbrigðisstofnana gerbreyst með tilkomu dagvistarstofnana, göngudeilda og fleiri nýjunga í rekstri heilbrigðisstofnana. Við erum því hins vegar hlyntir, að kaup tækja, áhalda og alls þess, er telst til stofnkostnaðar, verði með öllu skilið frá rekstrargreiðslum og alfarið tekinn inn á fjárlög sá hluti sem ríkissjóði ber að greiða samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu.

Þótt ríkisstjórnin treysti sér ekki til að leggja fram tillögur um nýtt greiðslukerfi til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana, sem m. a. hefur í sér fölginn hvata til sparnaðar, betri rekstrar og bættrar þjónustu, ber henni að leggja fram tillögur um úrbætur á því kerfi sem búið er við. Þangað til ber ríkissjóði að standa við allar þær greiðsluskyldur sem daggjaldakerfið setur honum.

Þegar er komið í ljós og hefur verið staðfest opinberlega, að það kerfi, sem stefnt er að með frv. þessu að taka upp á fleiri spítölum en ríkisspítölunum, leysir engan vanda meðan sú óðaverðbólga ríkir, sem við búum við, og ber hrikaleg rekstrarstaða ríkisspítalanna því best vitni. Undirritaður minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar telur að samþykkt þessa frumvarps muni tefja fyrir nauðsynlegum og skynsamlegum breytingum til lækkunar á einum stærsta útgjaldalið ríkissjóðs.

Við leggjum því til að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. mars 1982.

Pétur Sigurðsson,
frsm.

Matthías Bjarnason.